

STJÓRNARFUNDUR HALDINN Í FELLASKÁLA, 10. ágúst 2010, Kl.12:00.

Priðjudaginn 10. ágúst kom stjórn SSNV saman til fundar í Fellaskála á Víðidalstunguheiði. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Ágúst Þór Bragason, Þórdís Friðbjörnsdóttir, Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Páll Dagbjartsson boðaði forföll. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir sat fundinn undir 1.

Formaður setti fund.

1. SSNV-málefni fatlaðra

- a. **Breytingar á samþykktum byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra.** Farið yfir breytingar á samþykktum byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra. Stjórn samþykkir framlagðar breytingar og vísar þeim til umfjöllunar og afgreiðslu 18.ársþings.
- b. **6. mánaða rekstaryfirlit.** Lagt fram til kynningar. Rekstur málaflokksins er samkvæmt áætlun.

2. SSNV

- a. **6.mánaða rekstaryfirlit.** Lagt fram til kynningar. Rekstur er á áætlun.

3. SSNV atvinnuþróun

- a. **6.mánaða rekstaryfirlit. Lagt fram til kynningar.** Rekstur er á áætlun.

4. Bréf og fundargerðir

- a. **Bréf Bæjarhrepps dags 03.08.2010.** Í bréfinu óskar sveitarstjórn Bæjarhrepps eftir aðild að Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra frá og með 01.01.2011. Stjórn samþykkir að mæla með því við 18. Ársþing SSNV að aðild Bæjarhrepps verði samþykkt enda uppfylli Bæjarhreppur skilyrði 1. greinar laga og þingskapa Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
- b. **Skýrsla starfshóps um aukna mögulegt samstarf á sviði félagsþjónustu á Norðurlandi vestra.** Lögð fram til kynningar lokaskýrsla starfshóps sem skipaður var á 17. ársþingi SSNV árið 2009 og hafði það hlutverk að fjalla um möguleika á auknu samstarfi sveitarvélarfélagana á Norðurlandi vestra á sviði velferðarmála. Eftirtaldir sátu í starfshópnum; Sveinn Allan Morthens formaður, Sigríður Björnsdóttir Magnús Jónsson, Björn Magnússon og Raket Runólfsson. Jafnframt störfuðu með hópnum Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir og Jón Óskar Pétursson frá SSNV. Niðurstaða vinnuhópsins er að leggja til við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra að stofnað verði byggðasamlag um almenna og sértæka félagsþjónustu sveitarfélagana að fyrirmynd samstarfsins um málefni fatlaðra. Stjórn þakkar starfshópnum fyrir skýrsluna og samþykkir að vísa tillögu starfshópsins og skýrslunni í heild til umfjöllunar 18. ársþings.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 15:00
fundarritari.

Jón Óskar Pétursson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.